

## REGLUGJÖRÐ

um

eftirlit með verksmiðjum og vélum.

10

16. febr.

## I. KAFLI.

## EFTIRLITSSKYLDA OG TILKYNNINGARSKYLDA.

## 1. gr.

Eftirlitsskyld eru samkvæmt lögum um eftirlit með verksmiðjum og vélum nr. 24, 7. maí 1928, verksmiðjur, verkstæði og vinnuvélar, þar sem þrír menn hið fæsta vinna saman að jafnaði, þó með þeim afbrigðum, sem greinir í lögnum.

**Eftirlits-  
skylda.**

Ennfremur allar aflvélar og vinnuvélar, nema þær séu svo búnar, annaðhvort vegna smæðar sinnar eða frágangs, að þær geta talizt með öllu hættulausar.

Hættulausar og undanþegnar eftirlitsskyldu eru vélar, svo sem:

- a. Auglýsingartæki í gluggum, svo sem straumrofar, sýningarhillur, sem snúast, og litlar rafmagnsrellur, sem settar eru lausar í glugga.
- b. Smá rafhreiflar í sjóðtalningarvélum og samlagningarvélum.
- c. Smávélar tannlækna og skurðlækna (Röntgentæki ekki meðtalin).
- d. Hárþurkunartæki og hárþvottatæki án ása og reimhjóla.
- e. Ryksugur, sem tengdar eru ljósveitu.
- f. Veitidælur og aðrar dælur með gangumbúnaði, án ása og reimhjóla.
- g. Rafmagnsrellur allt að einn tíundi hestafli og aðrar rellur, ef þær eru minnst 2 m. frá gólfi og hlífum búnar.
- h. Rjómaþeytar og hrærivélar í brauðgerðarhúsum.
- i. Blástursvélar í smiðjum.
- k. Vélar, sem notaðar eru til þess að breyta riðstraum í rakstraum og til þess að breyta spennu rakstraums.

Aðrar vélar, sem ætla má skaðlausar, má fá undanþegnar eftirlitsskyldu, ef skoðunarmenn úrskurða svo umbúið, að hættulaust sé með öllu.

## 2. gr.

Sérhver, sem fyrir eiginn eða annara reikning stjórnar fyrirtæki, sem umræðir í 1. gr., eða vinnu, sem rekin er með vélum knúðum eimi, vatni, vindi, olíu, rafmagni, eða annarskonar orkugjafa, skal tilkynna skoðunarmanni fyrirtæki þetta, tegund þess, orkugjafa og stærð, tölu verkamanna, aldur þeirra og kyn, láta í té þær skýrslur, er sýna hvernig

**Tilkynningar-  
skylda.**

- 10** fyrirtækinu er háttað. Þau fyrirtæki sem til eru þegar reglugjörð þessi  
 16. febr. gengur í gildi, skal tilkynna innan 30 daga frá þeim tíma.  
 Eyðublöð fyrir skýrslur fást hjá skoðunarmönnum.

## II. KAFLI.

### TILHÖGUN Á VINNUSTÖÐVUM.

#### A. Almenn ákvæði.

##### 3. gr.

**Tilkynning til skoðunarmanns.** Sérhver, sem ætlar að reisa eða reka verksmiðju eða verkstæði, eða breyta eldra fyrirtæki, láti skoðunarmanni í té sundurliðaða greinargerð ásamt uppdráttum, er sýni alla tilhugun húsa og véla.

Uppdrættir skulu vera í tveim eintökum, þar af annar á ljósan pappír með dökkum línunum. Æski umsækjandi að fá eitt eintak endursent, með vætanlegum breytingum, skal hann senda þrjú eintök.

Undir lögin falla einungis þeir hlutar húsa, sem að eins eru notaðir til vinnu eða rekstrar, en ekki skrifstofuherbergi.

Um styrkleika húsa fer eftir gildandi húsgerðar samþykktum, nema um stór hús sje að ræða og þar sem tilhögun véla reynir á burðarmagn veggja; skal þá húsagerð hagað eftir þeim ákvæðum, sem atvinnumálaráðherra setur.

##### 4. gr.

**Loftrúm i vinnustofum.** Í hverri vinnustofu mega ekki fleiri menn vinna að staðaldrí en svo, að nægilegt loftrúm sé fyrir hvern einstakan.

Í vinnustofum, þar sem vinna hefir ekki spillandi áhrif á andrúmsloftið, skal hver verkamaður hafa 8 rúmmetra loftrúm. Ef um þá vinnu er að ræða, að á vinnustaðnum myndist ryk, eimur eða óheilmæmar lofttegundir, skal hver einstakur verkamaður hafa allt að 12 rúmmetra loft-rúm eftir því sem eftirlitsmaður tekur til.

Loftrúmið má ekki minka með því að geyma mikið efni, hvort heldur óunnið eða unnið á vinnustaðnum, nema dregið sé frá fyrir því og fjölda verkamanna hagað eftir því.

##### 5. gr.

**Vinnustofur.** Vinnustofur í verksmiðjum og verkstæðum, sem gerð eru eftir að reglugjörð þessi gengur í gildi, mega ekki vera lægra undir loft en 2.5 metrar. Séu gangreimar og ásar uppi undir lofti, skal lofthæðin vera minnst 3 metrar.

Efri brún glugga skal vera minnst 1.25 m. fyrir ofan jörð. Gólf mega ekki vera dýpra en svo, að laus séu við vætu frá grunnvatni.

Ef vinnustofur eru í kjallara skulu þær vel varðar gegn jarðraka. Gólf skulu vera þétt og traust. Ef gólf eru úr tré, en ekki dúklögð, skulu þau borin fernisolíu, þar sem því verður viðkomið. **10**  
16. febr.

Í vinnustofum, þar sem vinna hefir í för með sér mikinn vatnsaustur, skal gólf vera vatnshelt og með hæfilegum halla að afrás fyrir vatnið. Þar sem verkamenn halda sig við vinnu, skulu vera tréristar fyrir þá að standa á.

Í vinnustofum, þar sem eru steingólf og verkamenn hafa miklar kyrsetur eða kyrstöður, skulu vera timburflekar eða mottur til varnar gegn fót kulda, ef þurfa þykir.

### 6. gr.

Verkamenn skulu jafnan eiga kost á að neyta matar síns undir þaki og þar sem atvik leyfa í upphituhu herbergi, ef þess er auðið. **Mötur vinnustofum.**

Þar sem hollustuhættir krefjast, að ekki sé matast í vinnustofunni, skal verkamönnum fengið annað húsrúm til afnota um máltíðir.

Ekki er leyfilegt að matast í vinnustofum þar sem mikið ryk, eimur, gastegundir eða því um líkt myndast við vinnu, svo sem:

Í fiskmjölsverksmiðjum þar sem þur bein eru möluð. Í málmsteypustofum eða þar sem unnið er að málmhúðun. Í stofum, þar sem tuskur eru aðgreindar. Í þvottahúsum og litunarstofum.

### 7. gr.

Loftrásir skulu vera í öllum vinnustofum, nægilegar til þess að halda þar góðu andrúmslofti. Ennfremur ber að gæta þess, að gastegundir, sem óhollusta eða sprengihætta stafar af, svo og reykur, ryk, hitasvækja og eimur sem myndast í einstökum stofum, sé leitt burt og af fremsta megni hindrað að komast í aðrar vinnustofur. **Loftræsting í vinnustofum.**

Aflvélar, sem spilla andrúmsloftinu, skulu vera í sérstakri stofu með góðri loftrás, nema svo sé umbúið og trygging fyrir, að álitu skoðunarmanns, að loft í vinnustofu spillist ekki.

Þar sem lýsingartæki draga til sín hluta af andrúmsloftinu, skal höfð hliðsjón af því við ákvæði um fjölda verkamanna í vinnustofu.

Þar sem myndast geta gastegundir, sem sprengihætta getur staftað af, skal tryggilega búið um lýsingartæki.

### 8. gr.

Erindislausum mönnum skal stranglega bannaður aðgangur að stofum þar sem í eru hættuleg efni (ætandi eða eldhætt). Skulu slík eitrefni geymd í gler- eða postulínsílátum með loftþéttum lokum. Greinilega skal sjást á hverju íláti, hvað innihaldið er. Eiturefni skulu ennfremur geymd í lokuðum hirzlum, **Vinnustofur, þar sem eru hættuleg efni.**

## 10

16. febr.

Par sem unnið er í lokuðum vinnustofum skulu þær hitaðar ef því verður við komið án mjög mikils tilkostnaðar. Skoðunarmaður ákveður hve heitt skuli vera í vinnustofum, venjulega 10—15° C.

**Upphitun  
vinnustofa.**

Í hverri vinnustofu sem krafizt er að hituð sé, skal vera hita-mælir á hentugum stað. Með skýlum eða hlífum skal birgja fyrir hita-geisla frá ofni eða ljósi, þar sem ella stafa af óþægindi fyrir verkamenn.

## 10. gr.

**Hreinlæti  
í vinnu-  
stofum og  
bann við  
reykingum.**

Vinnustofum, göngum, stigum og öðrum stofum, þar sem verka-menn hafast við, skal haldið hæfilega hreinum.

Skal ræstingu hagað eftir því, hver vinna er stunduð og eftir tilhögun vinnustöðva. Ef vinnuhættir virðast krefjast þess, geta skoðun-armenn fyrirskipað meiri háttar ræstingu einu sinni eða tvisvar á ári. Skulu þá vandlega þvegnir allir veggir, sem þvegnir verða, loft, gluggar og hurðir; að öðrum kosti sé gert hreint á annan hátt, kalkmálað eða svipuð aðferð notuð.

Ræsting á vinnustöðvum má ekki fram fara á meðan vinna stendur yfir, nema nauðsynlegt sé. Ekki má heldur nota síðasta stundarfjórðung, áður en vinna byrjar, til ræstingar.

Á hverri vinnustöð skulu vera salerni, sem eru sæmileg að frágangi og hæfilega aðskilin frá vinnustofum. Ef þau eru afþiljuð í sjálfum vinnustofunum, skulu þau vera vatnssalerni og með góðri loftrás út. Fyrir hverja 20 verkamann skal vera minnst 1 salerni. Þar sem að staðaldri vinna hið fæsta 5 konur, skal vera sérstakt salerni fyrir þær. Fyrir hverjar 15 konur skal vera 1 salerni.

Hrákadallar skulu vera í vinnustofum eftir þörfum.

Í öllum vinnustofum, þar sem nokkur eldhætta er, skulu reykingar stranglega bannaðar og skal festa upp auglýsingar um það bann þar sem þurfa þykir. Einnig er þar bannað að fara með óvarinn eld.

## 11. gr.

**Sáraumbúðir í  
vinnu-  
stofum.**

Á vinnustöðvum, þar sem þörf er vegna vinnuhátta, að áliti skoðunarmanns, skulu ávallt vera til nauðsynlegar sáraumbúðir. Það fer eftir vinnunni, hverjar umbúðir skulu vera, og fyrirskipar skoðunarmaður eftir eðli vinnunnar, hve miklar birgðir umbúða skulu til vera.

Sáraumbúðir skulu geymdar á stað, þar sem greiður aðgangur er að þeim, fyrir alla þá, sem á vinnustaðnum eru.

## B. Sérstök ákvæði.

**Prent-  
smíðjur.**

## 12. gr.

Letursteypuvélar og setjaravélar, þar sem notuð er málm-

steypa, skulu vera í sérstakri stofu, með hæfilegri loftrás. Ef vélinni fylgir sérstakur bræðsluofn, skal vera á honum lok, sem auðvelt er að handleika; enn fremur skal hann tengdur reykháfi. Þar sem ekki eru sérstakir bræðsluofnar en bræðsludeiglan er í sjálfri vélinni, skal vera loftrás í reykháf eða út á annan hátt. **10**  
**16. febr.**

## 13. gr.

Málmhúðun og málmsteypa skulu fara fram í sérstökum vinnustofum; þó er leyfilegt að steypa málm í venjulegum járnsteypusmiðjum. Skoðunarmenn geta krafizt þess, að verkamenn hafi hlífðargrímur eða gleraugu til varnar gegn sterku ljósi, sterkum hita, reyk, eimi eða óheilnæmu ryki. **Málmiðnaður.**

## 14. gr.

Í vinnustofum, þar sem nauðsynlegt er vinnunnar vegna að hafa rakt loft, má þó ekki vera meiri raki en svo, að verkafólki sé engin óþægindi að. Leita má umsagnar skoðunarmanns, hvert rakastig loftins skuli vera, og skal þá rakmælir vera í vinnustofunni. **Ullarverk-smiðjur.**

*Bannað er að sjúga þráðinn í skyttunni fram með munninum.*

## 15. gr.

Hver sú vinnustofa, þar sem unnið er með benzíni eða öðrum vökum með lágu logamarki eða þurkaðir hlutir, sem vættir eru í slíkum vökva, skal með öllu aðskilin frá stofum, sem hafa einhverskonar eldstæði eða óbyrgð ljós. Slíkar vinnustofur skulu lýstar með rafmagnsglóðarljósum án rofa, og skal yfir ljóskúlunni vera glerhjálmur og falla þétt á. Rofar ljósanna, svo og öryggi, skulu vera utan vinnustofunnar. Séu önnur tæki notuð til ljósa, skulu þau vera utan stofunnar og lýsa í gegn um rúður sem falla þétt í vegg. **Efnalaugar.**

Hita skal með eimi, vatni eða lofti, og tóbaksreykingar skulu stranglega bannaðar.

Verkafólk má ekki bera eldspýtur eða ganga á járnslægnum skóm. Vinnustofa sú, þar sem þvegið er eða skolað úr eldfimum vökva eða vökvi er eimdur, má ekki vera undir öðrum vinnustofum og skal verða komizt beint úr henni og undir bert loft. án þess að fara stiga eða ganga.

Dyr skulu opnast út og vera fleiri en einar, ef fleiri en 2 vinna í stofunni. Einar dyr nægja þó, ef auðveldlega verður komizt út um glugga. Ef ekki er á annan hátt séð fyrir nægilegri endurnýjun á andrúmslofti, skal vera loftgat neðarlega á vegg. Gat þetta sé með öryggisneti að innan, eða ella komið fyrir loftdælu, sem sögi loftið út úr stofunni. Jafnan ber að gæta þess, að loftið, sem út streymir komi ekki nálægt eldi eða óbyrgðu ljósi. Hreiflar mega ekki vera í vinnustofunni.

Þvottavélar skulu vera með þéttum lokum, sem einungis séu

**10** opin, þegar föt eru í látin eða úr þeim tekin. Vinnuborðin skulu vera held  
16. febr. og með brik og afrás, sem endi í lokuðu hylki.

Eimingartækið skal vera með öllu þétt og hitað með gufu. Svalatækið skal hafa nægilegt svalavatn til þess að þetta allan eim. Ekki má nein stífla vera á afrásinni fyrir eiminn og vökvann.

Eldfiman vökva má hvergi geyma nema í lokuðum málmhylkjum. Á öllum ílátum skulu vera þétt lok. Leyfilegt er þó að hafa óbyrgða allt að 5 lítrum, sem verið er að vinna með.

Föt, sem hreinsa skal, skulu vandlega skoðuð, áður en farið er með þau í vinnustofuna, að ekki sé í þeim eldspýtur eða aðrir eldfimir hlutir. Ef fötin hafa verið þurkuð við hita áður en farið var með þau í hreinsistofuna, skulu þau vandlega kæld áður.

### III. KAFLI.

#### VÉLAR OG EIMKATLAR.

##### A. Aflvélar.

##### 16. gr.

**Girðing um** Ef aflvél er svo stór, að vélgæslumaður þurfi að framkvæma  
**aflvélar** vinnu sína að nokkru leyti á pöllum, skulu þeir girtir með 1 m. hárrí  
**og hlifar.** girðingu; fótlistar skulu vera á þeim og efni pallanna gárað járn.

Ef aflvélin er í vinnustofu eða á öðrum stað, þar sem umferð er mikil, skal hún vera girt með að minnsta kosti 1 m. hárrí girðingu úr jární, traustri og hæfilega þéttri. Skal girðingin vel fest í gólf, vegg eða undirstöðu vélarinnar, í hæfilegri fjarlægð frá ganghlutum hennar.

Hvar sem aflvélin er, skulu allir hreyfihlutar hennar vera þannig hlífum búnir, að vélgæslumanni stafi ekki hætta af starfi sínu.

Þar sem aflvélin er ekki afgirt, og kasthjól hennar snýr ekki að vegg, skal það búið hlíf 1.5 m. hárrí eða 1 m. hárrí girðingu í hæfilegri fjarlægð. Þó þarf ekki að afgirða kasthjól hreifla, sem eru undir 12 ha. að stærð, ef þeir eru í sérstöku herbergi, sem einungis vélgæslumaður gengur um.

Um farandvélar gilda sömu ákvæði.

##### 17. gr.

**Ræsingar-** Ef aflvélin er hreifill skal hann svo gerður, að ræsa megi hann  
**umbúnaður** hættulaust. Ef handsveif er notuð, skal hún vera sjálflosa eða frá henni  
**hreifla og** gengið á annan öruggan hátt.

**eldsneytis-** Útblásturspípan skal vera vel varin gegn hitaútrás og má hvergi  
**hylki.** liggja nærri tré.

Eldsneytishylki hreifils skulu gerð úr plötum negldum eða soðnum saman, svo að held séu. Þau skulu vera stöðugt á sínum stað og bún

afrás með öryggisneti fyrir gastegundir. Skal svo um búið, að þar sé nægilega bjart, svo að ekki þurfi að bera að óbyrgt ljós, er hætta kynni af að stafa. **10**  
16. febr.

### 18. gr.

Ef aflvélin er vatnsvél, skai vera rist fyrir aðrás vatnsins sem næst vélinni. Ristin skal vera traust og eigi meira en 10 sm. milli stafa í henni. Skal byrgt yfir vatnið milli ristar og vélar. **Vatns-  
vélar.**

### 19. gr.

Trygg girðing skal vera um vindvélar, og svo um búið, að stöðva megi þær frá jörð. **Vindvélar.**

### 20. gr.

Sérhver eimketill með þeim tækjum og pípum er fylgja, skal vera hæfilega traustur, svo að samsvari ketilþrýstingnum. **Gerð eim-  
katla.**

Gerð nýrra katla skal vera samkvæmt þeim reglum, sem gilda hjá flokkunarfélögunum: Lloyds Register of British and Foreign Shipping, Bureau Veritas og Germanischer Lloyd.

### 21. gr.

Hitaflötur eimketilsins, þ. e. ketilhylkið, hol eða pípur, sem eldur eða reykur leikur um, skal allur hulinn vatni, og skal minnsta vatnshæð vera eigi neðar en 10 sm. fyrir ofan efsta hluta hitaflatar. **Hitaflötur  
ketilsins.**

Þessi ákvæði ná þó eigi til:

1. Yfirhitara, sem eigi eru hlutar af katlinum sjálfum.
2. Þeirra hluta af hitaflötum plötukatla, sem aldrei geta glóhitnað, hvernig sem kynt er, vegna smæðar sinnar og legu, eða af því að þeir eru varðir fyrir hita; eigi getur talizt hætta á glóhitun, ef hitaflötur sá, sem hulinn er vatni, er 20 sinnum stærri en ristarflöturinn, og dragsúgur hafður eða 40 sinnum stærri en ristarflöturinn og vélsúgur hafður.
3. Pípukatlar, ef pípunar eru allt að 10 sm. að innanþvermáli og hringrás vatnsins er svo sterk, að þeir hlutar hitaflatar, sem eru ofan við minnstu vatnshæð, geti aldrei glóhitnað, hvernig sem kynt er.

Hvergi í hitaflæti ketils má vera steypujárn eða kopar. Undanskildar eru þó ketilpípur, sem eru ekki meira en 10 sm. að innanþvermáli; þær mega vera úr kopar.

Þegar reiknuð er stærð hitaflatar, skal í plötukötlum taka utanþvermál pípnanna, en í pípukötlum innanþvermál.

Eigi má hafa plötukatla með soðnum plötum, er eimþrýstingur mæðir á að innan, nema suðan reynist fullþétt við þrýstiraun (sbr. 51,

**10** gr.), og engin varanleg aflögun komi þá fram; traustastöðull á soðnum  
16. febr. plötum í ketilhylkinu má eigi vera hærri en 70 %.

### 22. gr.

**Vatnshæð-  
armerki.** Á eimkatli hverjum skal vera málmvísir og greinilegt málmmerki, er sýni minnstu vatnshæð, sem getið er um í 21. gr. Merki þetta sé fest á sjálfan ketilinn og skal vera sýnilegt þó ketillinn annars sé varinn. Verði þessu ekki viðkomið, skal einnig setja merki á ketilverjuna eða vegginn.

### 23. gr.

**Vatnshæð-  
arglös og  
reynilásar.** Til þess að hægt sé að athuga vatnshæðina í katlinum, skal vera á honum vatnshæðarglas og tveir reynilásar eða reynilokar. Á kötlum, sem hafa vélsúg, skulu vera tvö vatnshæðarglös og tveir reynilásar.

Vatnshæðarglösnum skal svo fyrirkommið, að vatnið að eins sjáist í þeim, þegar það er fullum 5 sm. fyrir ofan efsta hluta hitaflatar. Neðri reynilásinn sé 7.5 sm. fyrir ofan efsta hluta hitaflatar. Vatnshæðarglösinn skulu búin nauðsynlegum stíflum eða blásturslásnum (eða lokum) úr eir, og einnig hlífum, ef háþrýstingur er á katlinum. Bestar eru glerhlífar með ísteyptu vírneti. Ef vatnshæðarglös „Klingers“ eru höfð, þarf eigi hlífar.

Reynilásar og glasalásar skulu þannig gerðir, að hægt sé að reka beint í gegnum þá til þess að ná burtu ketilsteini og öðrum óhreinindum. Séu þeir á sameiginlegri standpípu, skal hún vera úr mjög traustu efni (kopar eða stáli); ef standpípa er eigi á katlinum sjálfum, skal víddin á rásinni milli hennar og vatnsholsins í katlinum eigi vera minni en 5 sm. eða að minnsta kosti 4 sm., ef þvermál ketilsins er minna en 2 m. Bæði þessi rás og rásin til eimholsins í katlinum skulu vera með stíflum á sjálfum katlinum. Rennilás skal vera neðst á rásinni til vatnsholsins.

Tækjum þeim, sem að framan eru nefnd, skal vera svo fyrirkommið, að sá sem gætir vatnshæðarinnar, geti hæfilega athugað þau og sinnt þeim. Loki glasalásarnir sér ekki sjálfir, skal svo um búið, að þeim verði greiðlega lokað frá kyndistöðvum eða palli.

### 24. gr.

**Veititæki.** Eimketill hver skal vera í sambandi við eigi færri en tvö hvort öðru óháð veititæki og geti hvort þeirra um sig hækkað vatnið í katlinum þótt fullur eimþrýstingur sé í honum, og fullur kraftur á; annað veititækið skal mega hreyfa með handafli.

Leyfilegt er að láta tvo katla eða fleiri vera saman um veititæki, ef það er þess megnugt að veita bæði hverjum katli fyrir sig og öllum kötlunum í einu nægilegt vatn.

Frá veititækjunum skulu liggja tvær, hvor annari óháðar, pípur

í hvern ketil, og skulu þær á katlinum sjálfum hafa veitiloka er lokast af sjálfu sér og afstýra því, að vatnið renni úr katlinum gegnum veitipípunar; milli veitiloka og ketils skal ennfremur vera stífla (lás eða loki), bæði stíflan og veitilokinn skulu vera úr mjög traustu efni og þannig fyrirkomið, að auðvelt sé að komast að þeim. Á stíflunni skal vera lítill rennilás til þess að athuga heldni hennar. Ef annað veititækið er veitidæla, hreyfð af aflvél, skal vera öryggisloki á lokahúsi veitidællunnar.

10  
16 febr.

### 25. gr.

Á eimkatli hverjum skal vera að minnsta kosti einn öryggisloki, en tveir, ef hitaflötur ketilsins er yfir 30 m<sup>2</sup>. Farandkatlar allir skulu hafa tvo öryggisloka. Fargið á lokana skal vera af lóðum eða fjöðrum, sem þrýsta á þá, annaðhvort beint eða með vogarstöngum. Fjaðurfarg má þó aðeins nota á farandkötlum eða kötlum, sem á einhvern hátt mæta miklum hristing, svo og á kötlum með miklum þrýsting.

Öryggis-  
lokar.

Fargið má ekki vera meira en svo, að eimurinn fari að opna lokana, þegar afl hans nemur meiru en ketilþrýsting, þ. e. mesta þrýsting, sem í katlinum má vera samkvæmt rannsókn skoðunarmanna, sbr. 49. gr. og eigi má auka fargið úr því með því að spenna fjöðrina meira eða þyngja lóðin eða færa þau utar á vogarstöngina. Vogarstengur skulu ekki vera lengri en svo, að lóðin séu alveg úti á enda, þegar fargið er hæfilegt. Stillir skal vera á fjöðrum, svo að spenna þeirra geti ekki aukizt.

Að öðru leyti skulu öryggislokarnir þannig gerðir, að eimurinn geti aldrei kastað þeim af, jafnvel þó að fargið bresti.

Lokahúsin, lokarnir sjálfir, sæti þeirra og þollar skulu vera úr mjög traustu efni. Lokahúsin skulu vera á sjálfum katlinum, svo að hálsinn milli húss og stéttar verði sem stytur; þau skulu búin rásum fyrir eimvatnið; í þessum rásum mega ekki vera stíflur.

Á öryggislokum, sem fergðir eru beint, skulu vera léttitæki, sem náð verði til frá kyndistöð eða palli.

Á öllum kötlum skulu ljósop öryggislokanna öll til samans vera svo stór, að þrýstingurinn á katlinum fari ekki meira en 10% fram úr ketilþrýstingnum, þótt kynt sé í 20 mín., við þann súg, sem völ er á, að lokuðum öllum stíflulokum og við rétta vatnshæð.

Á kötlum, sem gerðir eru fyrir dragsúg, svo og kötlum með vél-súg með minni hitaflatni en 30 ferm., er þessu ákvæði fullnægt, svo fremi samanlögð ljósop öryggislokanna, eða samanlagt flatarmál þeirra loka-  
opa, sem eimur á útkvæmt um, þegar öllum öryggislokum er lyft samtímis, er eigi minna en segir í töflu þeirri, er hjer fylgir. En hún sýnir í fermillimetrum samanlagt í ljósop lokanna á hvern fermetra hitaflatar ketilsins, er svarar til ketilþrýstingsins í kg./sm.<sup>2</sup> auk loftþyngdar,

**10** Yfirhitarar, sem ekki er hægt að loka úr sambandi við ketilinn teljast 16. febr. til hitaflatar ketilsins.

**T A F L A.**

Yfirþrýstingur í katlinum kg/sm <sup>2</sup> .	Flatarmál öryggislokanna í mm <sup>2</sup> /m <sup>2</sup> hitaflatar.	Yfirþrýstingur í katlinum kg/sm <sup>2</sup> .	Flatarmál öryggislokanna í mm <sup>2</sup> /m <sup>2</sup> hitaflatar.
allt að 1,0	350	frá 7,0 til 8,0	70
frá 1,0 til 1,5	250	— 8,0 — 9,0	62
— 1,5 — 2,0	200	— 9,0 — 10,0	56
— 2,0 — 2,5	170	— 10,0 — 11,0	52
— 2,5 — 3,0	150	— 11,0 — 12,0	49
— 3,0 — 3,5	130	— 12,0 — 13,0	46
— 3,5 — 4,0	120	— 13,0 — 14,0	43
— 4,0 — 4,5	110	— 14,0 — 15,0	40
— 4,5 — 5,0	100	— 15,0 — 16,0	38
— 5,0 — 5,5	90	— 16,0 — 17,0	37
— 5,5 — 6,0	84	— 17,0 — 18,0	36
— 6,0 — 7,0	79	— 18,0 — og þar yfir	35

Ef ketillinn er gerður fyrir vélsúg og hitaflöturinn er stærri en 30 ferm., skal samanlagt ljósop öryggislokanna aukast að sama skapi, sem eimmagnid verður þá meira en við dragsúg.

Ef ketillinn er gerður fyrir fljótandi eldsneyti eingöngu, reiknast samanlagt ljósop öryggislokanna  $1\frac{1}{4}$  sinnum það ljósop, sem þeir myndi hafa, ef honum væri ætlað að brenna kolum.

Enginn öryggisloki má vera minni en 25 mm. né stærri en 100 mm. að þvermáli.

Rásirnar fyrir eiminn frá katli til öryggisloka og frá þeim og út mega hvergi hafa minni þverskurðarflöt en samanlagt ljósop öryggislokanna.

Eimhylki og yfirhitarar og því um líkt, sem hægt er að loka úr sambandi við ketilinn og liggja undir beinum áhrifum af eldi eða reyk, skulu hafa sérstakan öryggisloka og brunahlífar, þar sem þess er þörf.

**26. gr.**

**Þrýstimælur.** Á eimkatli hverjum skal vera að minnsta kosti einn sæmilegur þrýstimælir, með kvarða er sýni þrýsting í kg./sm.<sup>2</sup>. Mæli þennan skal unnt að loka úr sambandi við ketilinn með lás. Á mælinum skal vera

skýrt rautt strik við ketilþrýstinginn, en kvarðinn skal vera þeim mun lengri, að hann geti sýnt þann þrýsting, sem notaður er við þrýstiraun. Á þrýstimælispípunni skal vera vatnsbogi.

10

16. febr.

## 27. gr.

Á eimkatli hverjum skal vera lás með lóðréttri málmstétt 5 mm. þykkri og 40 mm. í þvermál, svo á hana megi festa þrýstimæli skoðunarmanna. Stéttir af þessari stærð má setja á efri reynilásinn. Ofarlega á ketilhylkinu eða eimhylkinu, ef til er, skal vera lás með  $\frac{1}{2}$  þuml. pípuskrúfu á endanum til sambands við þrýstidælu skoðunarmanna. Efst á katlinum eða eimhylkinu skal vera lás til þess að hleypa út um lofti við þrýstiraunina.

Sæti fyrir  
mæla  
skoðunar-  
manna.

## 28. gr.

Katlar, eimhylki og því um líkt skulu vera með þeim mannsmugum, er þarf til þess að skoða þau innan. Aðgeng skulu þau og vera til þess að skoða þau að utan, sbr. 49. gr. Ef þau eru af þeirri gerð eða stærð, að ekki verði komið inn í þau, skulu vera á þeim svo mörg ræstiop, að athuga megi þau innan, utan frá. Smuguhlerar og annað slíkt má ekki vera úr steypujárni.

Mann-  
smugur.

## 29. gr.

Á pípu hverri, sem liggur úr eimkatli, skal vera stífla rétt við ketilinn.

Stíflur á  
pípum frá  
kötlum.

## 30. gr.

Á hverjum eimkatli sjálfum skal vera stífluloki til þess að loka fyrir aðal-eimsambandið. Loki þessi skal vera úr mjög traustu efni, og skal honum svo fyrirkomið, að honum sé auðlokað frá kyndistæði eða palli.

## 31. gr.

Hver ketill skal búinn botnlási (eða loka) til þess að hleypa burtu vatni af ketilbotninum. Lásinn skal vera úr traustu efni og vandlega festur á sjálfan ketilinn; tryggilega skal einnig um fráráarpípu-una búið.

Botnlás.

## 32. gr.

Á hvern eimketil sjálfan skal traustlega og svo að við blasi setja ketilþrýstinginn, smíðjumerki og raðtölu ketilsins eða annað merki, er sjálfkenni hann, svo og smíðaárið.

Merki á  
katlinum.

## 10

16. febr.

**Forkatlar,  
eimar o. fl.**

Forkatlar, eimar, bætivatnstæki og því um líkt, þar sem vatn er hitað og eimt við þrýsting, skulu, hvort sem þau eru hituð með eldivið, eimi eða á annan hátt, fullnægja þeim kröfum, sem gerðar eru til eimkatla um styrkleik og öryggisloka, eftir því sem gerð þeirra leyfir. Samvarandi kröfur eru gerðar til allra hylkja sem innan-þrýsting mæta.

## 33. gr.

**Eimpípur.**

Eimpípur skulu vera svo gerðar og þeim svo fyrirkomið, að þær geti þanizt og dregizt saman án þess að hætta stafi af; á þeim skulu því vera sterkar stéttir og stórar bugður eða þéttihólkar, með þannig lög-uðum öryggishöldum, að eimþrýstingurinn geti ekki dregið pípurnar úr þeim.

Eimpípur mega ekki vera úr steypujárni; þó er leyfilegt að hafa stutt T-löguð stykki úr steypujárni á pípum, sem ekki eru meira en 10 sm. að þvermáli.

Eimpípur úr eir, sem eru meira en 10 sm. að þvermáli, skulu vafðar stálböndum eða því um líku, þegar þrýstingurinn er hár. Ekki er leyfilegt að nota eirpípur fyrir eim, sem er yfirhituð og er heitari en 250°. Gæta skal þess, að mikið vatn geti ekki safnast fyrir í eimpípunum og að á þeim séu rásir fyrir eimvatnið.

## 35. gr.

**Sambönd  
katla með  
mismun-  
andi þrýst-  
ing.**

Sé þrýstingur á tveimur eða fleiri kötlum misjafn, en pípum svo skipað, að eimur með hærri þrýstingi geti af vangá leiðst inn í ketil með lægri þrýstingi, skal setja sjálfloka í pípuna, er gengur til ketilsins með lægra þrýstingnum; ennfremur skal sá ketill hafa varaloka (lítinn öryggisloka), svo að eimurinn streymi út í vélarúmið, þegar þrýstingurinn í pípunni er orðinn hærri en lægri ketilþrýstingurinn.

## 36. gr.

**Aukavélar  
gerðar  
fyrir lægri  
þrýsting.**

Sé eimur með lægri þrýsting en ketilþrýstingi leiddur gegnum loka, þrýstilétta eða því um líkt til véla, bulluhylkis, ofns, eimstóar eða því um líks, og ef hylki það, sem við eiminum tekur, er eigi nógu traust til þess að þola fullan ketilþrýsting, þá skal vera á því öryggisloki, sem hleypir út öllum þeim eimi, sem að streymir, jafnskjótt og hæsta leyfilegum þrýstingi er náð.

*B. Gangbúnaður.***Hlifar og  
girðingar  
um gang-  
búnað.**

## 37. gr.

Hreyfihlutar gangbúnaðarins, svo sem ásar, gangreimar og ganghjóll, skulu vera tryggilega afgirtir eða á annan hátt svo um þá búið, að

mönnum sem hafast við, þar sem slíkur búnaður er, stafi ekki hætta af. Hlífur eða girðingar teljast þó ekki nauðsynlegar, ef gangbúnaðurinn er minst 1,9 m. fyrir ofan gólf eða palla, þar sem verkamenn ganga um. **10**  
16. febr.

Tengihlutur ása skulu, hvar sem er, vera hlífum búnir, þannig að engar ójöfnur, sem standa út og gripið geta í föt verkamanna, svo sem fleygar, naglahauser og slíkt sé óvarið. Hlífur skulu vera sléttar og vel festar, svo ekki losni.

Tannhjól öll skulu hafa hlífur. Tengihlutur samsettra tannhjóla og ganghjóla skulu vel varðir. Ekki mega naglahauser, skrófrær eða fleygar nema út fyrir braut ganghjóls.

Samsetning reima skal vera slétt, og reimlásar falla vel að reiminni. Umbúnaður reima skal vera svo, að ekki stafi hætta af, þó að reim slitni.

### 38. gr.

Laus tengsl eða laus og föst ganghjól skulu vera á gangbúnaði, þannig, að stöðva megi frá vinnustofu, þó að aflvélin gangi. Ef þessu verður ekki viðkomið, skal mega gefa merki frá vinnustofunni um að stöðva vélina. Þar sem rafhreifill er notaður, skal vera hægt að rjúfa strauminn á stað, sem er greiður aðgöngu innan vinnustofunnar. **Umbúnaður til að stöðva aflvél.**

Ef sama aflvél knýr marga sjálfstæða aðalása, skal mega stöðva hvern ás fyrir sig, þó að vélin haldi áfram að ganga.

### C. Vinnuvélar.

#### 39. gr.

Um vinnuvélar gilda ákvæði 16. til 38. gr., að svo miklu leyti sem við á. **Hlífur, girðingar og umbúnaður.**

Kasthjól vinnuvéla skal vera með hlíf, nema svo sé umbúið, að hjólið sé slétt og heilt innan við umgjörðina.

Ef vinnuvél er í gryfju fyrir neðan venjulegan gólfflöt, skal utan um gryfjuna vera 10 sm. há umgerð og girðing 1 m. há, sæmilega traust og fest í gólf eða vegg.

Ekki mega vinnuvélar standa þéttar saman en svo, að sá, sem við hverja vél vinnur, eigi ekki á hættu að koma svo nærri annari, að hætta geti stafað af.

Göng milli véla skulu vera svo breið og há, að verkamenn geti án hættu gengið þar um.

Ekki má efni eða aðrir hlutir vera á göngum, nema sem svarar til efnis eða verkefnis til eins dags fyrir hvern verkamann, og ekki meira en svo, að hæfilegt gangrúm sé eftir.

Vélar, sem ekki eru hæfilega langt frá öðrum vélum, skal girða af meðan þær vinna.

**10** Frá hverri vinnuvél skal þannig gengið, að stöðva megi hana á  
16. febr. þeim stað, þar sem við hana er unnið. Skal hún því búin lausu og föstu ganghjóli eða lausum tengslum.

Aflvél má ekki setja í hreyfingu, nema gefið sé merki í allar vinnustofur með vélum sem aflvélin knýr.

Vélar má ekki hreinsa, smyrja eða aðgæta, þegar þær eru í gangi, nema gert verði án þess að taka í burtu hlífar, eða ekki sé hætt á, að hreyfihlutar vélarinnar geti snert föt verkamanns.

Hver sá, sem býr til vélar, selur eða setur þær upp, getur krafizt umsagnar skoðunarmanns um, hvort vélin sé hæfilega hlífum búin.

#### IV. KAFLI.

##### GÆZLA.

###### 40. gr.

**Gæzlu-  
maður  
eimkatla.** Sá einn hefir rétt til gæzlu eftirlitsskyldra eimkatla, sem hefir vélstjóraþróf eða leggur fram vottorð frá nefnd þriggja manna, sem atvinnumálaráðherra til þess skipar, að hann hafi næga þekkingu á gæzlu eimkatla, enda sé hann 18 ára og reglusamur.

###### 41. gr.

Til þess að gæta jafnframt vélar utan þess herbergis sem eimketill er í, þarf gæzlumaður eimketils leyfi skoðunarmanns.

###### 42. gr.

**Skyldur  
gæzlu-  
manna  
eimketils.** Við gæzlu ketils skal sérstaklega gæta þess, sem hér segir:

- a. Að nægilegt vatn sé á katlinum, þegar hitað er upp. Þegar eimur er kominn, skal prófa reynilása og stíflur, vatnshæðarglas og veitileiðslur.
- b. Þegar fullur þrýstingur er kominn á ketilinn skal athuga þrýstimæli og öryggisloka. Öryggislokanum má alls ekki loka eða þyngja farg hans. Blásið sé gegnum vatnshæðarglas minnst á einnar stundar fresti.
- c. Hafi vatnshæðin einhverra orsaka vegna fallið svo mikið, að hún sjáist ekki á vatnshæðarglasinu, eða komi ekki í ljós í reynilásunum, skal láta ketilinn kólna hægt og bæta á hann vatni, þar til er vatnshæðin er hæfileg. Hafi einhver hluti ketilsins glóhitnað eða breytt að lögun, skal þegar tjá það skoðunarmanni. Ekki má nota ketilinn aftur, fyr en fengið er leyfi skoðunarmanns, að aflokinni skoðun.
- d. Erindislausum mönnum skal stranglega bannaður aðgangur að herbergi, sem ketill er í.

- e. Ketillinn skal hreinsaður og skoðaður utan og innan svo oft sem þurfa þykir.
- f. Alla galla ketilsins, sem kunna að koma í ljós við notkun hans, skal gæzlumaður þegar birta eiganda eða notanda, sem þá er skyldur að bæta gallana.
- g. Komi fyrir, að ketill springi, gassprenging verði, eða ketill eða eim-pípur á einhvern hátt verði fyrir miklu áfalli, skal strax tjá það skoðunarmanni. Að svo miklu leyti sem við verður komið, skal ekkert hreyfa á staðum fyr en skoðunarmaður leyfir, nema brýn nauðsyn krefji.
- h. Fyrirskipunum skoðunarmanna um meðferð og öryggi katla skal stranglega framfylgt. Ef skoðunarmanni virðist meðferð eða hirðing ketils vanrækt, getur hann fyrirskipað reglubundnar hreinsanir, þó ekki með skemmra millibili en 3 vikna, ef ketill er í notkun 12 tíma dag hvern, og hlutfallslega, ef hann er notaður skemur eða lengur.
- i. Gæzlumaður riti í skoðunarbókina alla þá galla, sem fram kunna að koma á katli, svo og allar viðgerðir og allt um notkun ketilsins.

**10**  
16 febr.

#### 43. gr.

Sá einn hefir rétt til að gæta eimvélar, er lokið hefir íslenzku vélstjóraþrófi eða lagt getur fram vottorð um að hafa unnið að gæzlu eimvéla í minnst 2 ár.

**Gæzlu-  
maður  
eimvélar.**

#### 44. gr.

Sá einn hefir rétt til þess að gæta hreifils stærri en 100 hestöfl, er fullnægir kröfum þeim, sem gerðar eru í 43. gr.

**Gæzlu-  
maður  
hreifils.**

Sé aflvél hreifill frá 12—100 hestafla, skal gæzlumaður hafa staðizt námsskeiðspróf Fiskifélags Íslands um meðferð hreifla. Til þess að gæta hreifla minni en 12 hestafla, skal vélgæzlumaður geta fært sönnur á, að hann þekki almennar reglur við gæzlu hreifla.

### V. KAFLI.

#### SKOÐUN.

#### 45. gr.

Samkvæmt lögum um eftirlit með verksmiðjum og vélum skal hver sú verksmiðja, verkstæði eða vinnustöð, er lög þessi ná til skoðuð af lögskipuðum skoðunarmönnum.

Þegar aðalskoðun er framkvæmd í verksmiðjum eða verkstæðum, skal athuga húsakynni, fyrirkomulag véla allra, svo og að ákvæðum um öryggi allt og hreinlæti sé fylgt.

**Skoðunar-  
skyldar  
verk-  
stöðvar.**

## 10

16. febr.

**Beiðni um skoðun.**

Pegar ný verksmiðja eða verkstæði er tekið til notkunar, eða ef gömlu verkstæði er breytt svo mikið, að gagngerð breyting hafi átt sér stað á fyrirkomulagi véla, eða gerðar hafa verið miklar umbætur eða viðgerðir, skal eigandi eða notandi beiðast skoðunar. Beiðni um skoðun skal send skoðunarmanni, og ber þá að framkvæma skoðun svo fljótt sem unnt er.

46. gr.

**Uppdráttur af katli og lýsing.**

Áður en skoðaður er eimketill, sem ekki hefir áður verið skoðaður hér á landi, eða gamall ketill, sem hefir verið undir eftirliti, en fengið hefir gagngerða viðgerð, þannig að breytt hafi gerð hans eða stærð, skal beiðandi skoðunar láta skoðunarmanni í té uppdrátt og nákvæma lýsingu á katlinum, gjörða af ketilsmiðnum. Í lýsingu þessari skal vera merki ketilsins, nafn ketilsmiðju eða ketilsmiðs og smíðaár ketilsins. Lýsingin skal hafa að geyma nákvæma lýsingu á gerð ketilsins, stærð og styrkleik hinna ýmsu hluta hans.

47. gr.

**Styrkleikur ketils.**

Eftir máli því, sem uppdrátturinn greinir á stærð og þykkt helztu hluta ketilsins, reikna skoðunarmenn, samkvæmt reglum þeim, er þar að lúta, styrkleik ketilsins, er samsvari þeim ketilþrýstingi, sem tilgreindur er, sbr. 20. gr.

48. gr.

Séu einhverjir hlutar ketilsins ekki svo traustir sem krafizt er í 20. gr. skal lækka ketilþrýstinginn svo, að hann reyni ekki á þá um hóf fram.

Pegar nýir öryggislokar eru mældir í fyrsta sinn, geta skoðunarmenn ennfremur krafizt þess að fá í hendur, sér til leiðbeiningar, nákvæman uppdrátt af þeim, staðfestan af smiðnum.

49. gr.

**Aðalskoðun eimketils.**

Aðalskoðun á katli fer fram áður en hann nýsmíðaður er tekinn til notkunar, eftir aðalviðgerð eða flutning (farandkatlar undanskildir) og fjórða hvert ár, miðað við síðustu aðalskoðun.

Aðalskoðun eimketils er í því falin að þrýstiprófa ketilinn og rannsaka, hvort öllum ákvæðum um smíði ketilsins og búnað hans, svo og hvort ákvæðum um gæzlu og viðhald hans hefir verið fylgt.

Við aðalskoðun fer fram skoðun ketils bæði utan og innan. Skal athuga ytra og innra borð hans, svo og undirstöðu og múr ef til er. Athuga skal hvort í plötum eru holur, ryð eða eyðing; athuga skal og öll samskeyti, og hvort dældir, bólur eða því um líkt er á þeim hlutum, sem eldur eða reykur leikur um. Þótt ketill sé skoðaður að utan, þarf eigi að taka utan af honum nema þar, sem grunur er á að leki um samskeyti eða annarsstaðar. Komi veruleg eyðing eða önnur veila í ljós, skal bora göt á ketilinn og mæla þykktina. Þau mál skal færa inn í eftirlitsbókina.

Leiði skoðun í ljós, að eigi er örugt að nota ketil með þeim ketilþrýstingi, sem verið hefir, skal reikna á ný styrkleika ketilsins, sbr. 20. gr., og færa ketilþrýstinginn niður, eftir því sem reikningurinn sýnir, að nauðsynlegt sé, sbr. 48. gr. **10**  
16. febr.

## 50. gr.

Áður en aðalskoðun fer fram, skal eigandi eða notandi ketils undirbúa allt sem nauðsynlegt er, til þess að skoðunin geti orðið fullkomin, og ber skoðunarmönnum að tilkynna aðalskoðun, með hæfilega löngum fyrirvara, svo að undirbúa megi skoðunina svo sem þeir ákveða. **Tilkynning  
um aðal-  
skoðun.**

## 51. gr.

Alla eimkatla með búnaði þeirra, eimhylkjum, yfirhiturum o. s. frv. skulu skoðunarmenn reyna með þrýstingi, sbr. 49. gr. **Þrýstiraun.**

Þegar þrýstiraun fer fram, skal svo sem frekast er unnt blása loftinu úr katlinum, svo hann sé fullur af vatni, skal þá athuga, hvort ketillinn við reynzlu þá, er síðar getur, reynist lekur til muna eða aflagast svo, að hættulegt geti verið að nota hann, með þeim ketilþrýstingi, sem hafður hefir verið eða reiknaður er. Lekinn er talinn til muna, þegar vatn vætlar út við þrýstiraunina öðruvísi en í úða eða dropatali.

## 52. gr.

Nú hefir ketill aflagast til muna eða verulegur leki komið í ljós, svo að óleyfilegt þykir að nota hann áfram við þrýsting þann, sem hafður hefir verið eða reiknaður, og skal þá hætta við þrýstiraunina og hefja aðra nýja, eftir að gert hefir verið við gallana, eða, ef eigandi eða notandi kýs heldur, færa ketilþrýstinginn svo niður, að ekki komi fram leki að marki eða ketill aflagist að mun, þegar þrýstiraun síðar fer fram.

## 53. gr.

Um leið og þrýstiraun fer fram, skal rannsaka, hvort öryggislokarnir og farg þeirra er í samræmi við ketilþrýstinginn, samkvæmt þrýstimæli skoðunarmanna og markinu á þrýstimæli ketilsins. **Reyndir  
öryggis-  
lokar.**

Í fyrsta sinn sem ketill er reyndur með þrýstingi, skal stimpla öryggislokana, aðalhluta þeirra og mælitæki þau, sem höfð eru til þess að takmarka fargið; málin skal rita í skoðunarbókina.

## 54. gr.

Sé ketill reyndur erlendis, skal ákveða þrýstinginn eftir styrkleik ketilsins, sbr. 48. gr., og eftir niðurstöðu þrýstiraunar erlendis og raunþrýstingi þeim, er síðar segir, sbr. 55. gr. **Eimketill  
reyndur  
erlendis.**

Þegar skoðaðir eru nýir katlar, smíðaðir í öðrum löndum, má sleppa þrýstiraun, ef fullar sönnur eru færðar á, að hún hafi fram farið að lögum þess lands og að niðurstaðan hafi verið fullnægjandi; þó skal

**10** vottorð greina þau atriði, sem þarf til þess að ganga úr skugga um.  
16. febr. hvort katlarnir svara þeim fyrirmælum, sem hér gilda.

55. gr.

Raunþrýstingur nýrra katla skal vera tvöfaldur ketilþrýstingurinn, en við síðari þrýstiraunir  $1\frac{1}{2}$  sinnum ketilþrýstingurinn.

Niðurstöður af skoðun ketilsins, rannsóknnum og þrýstiraunum skal rita í skoðunarbókina.

56. gr.

**Þrýstiraun eimpípna.** Í nýjum verksmiðjum og verkstæðum, sem fengið hafa gagngerða viðgerð á vélum, skal rannsaka eimpípurinn vandlega og kveiktur og soðnar pípur, sérstaklega sjálfa kveikinguna og suðuna.

Með þrýstingi skal reyna aðalpípur, sem eru meiri en 75 mm. að þvermáli og ætlaður er fyrir háþrýsting (yfir 8 kg./sm<sup>2</sup>). Skal raun þessi gerð við aðalskoðanir.

Raunþrýstingur pípna skal vera eins og segir um raunþrýsting katla.

Niðurstöðu af rannsóknnum og þrýstiraunum eimpípna skal rita í skoðunarbókina.

57. gr.

**Aukaskoðun eimkatla og véla.** Við aukaskoðun skulu skoðunarmenn líta eftir að öllum ákvæðum um viðhald, umbúnað og gæzlu véla og katla sé framfylgt.

Á eimkötlum í verksmiðjum með reglubundinni notkun skal fara fram aukaskoðun minnst einu sinni á ári, þó má sleppa aukaskoðun það ár, sem aðalskoðun á fram að fara.

Við aukaskoðun er ketillinn skoðaður utan og innan, og skal hann þá vera hreinsaður; ber eiganda eða nothafa ketills að sjá svo um, að ketillinn sé hreinsaður og svo undirbúið sem þurfa þykir.

58. gr.

**Skoðunarbækur.** Hvert fyrirtæki, sem notar eftirlitsskylda vél eða eimketil skal hafa eftirlitsbók.

Eftirlitsbókin skal vera gegnumdregin og með blaðsíðutölum og löggilt af lögreglustjóra.

Í bókina skal rita skipulega og greinilega og blað má ekki rífa úr henni og eigi afmá eða gera ólæsilegt það, sem skrifað hefir verið.

Þegar eftirlitsbók er á enda, eða ónýtt, skal eigandi eða notandi útvega nýja bók og láta löggilda hana. Skal þess getið í gömlu bókinni, að ný bók hafi verið löggilt og hvenær það sé gert. Sé ekki hægt að leggja gömlu bókina fram, skal geta ástæðu í nýju bókinni.

Á titilblaðinu skal standa tegund fyrirtækisins og nafn eiganda, **10**  
ennfremur aðrar greinargerðir samkvæmt fyrirmynd bókarinnar. **16. febr.**

Þá skal fremst í bókinni koma svo nákvæm greinargerð, sem auðið er, fyrir húsa og herbergjaskipun, svo og um fyrirkomulag véla og katla, allt samkvæmt fyrirmynd bókarinnar.

Mál og vog skal reikna eftir metrakerfinu.

Þegar vinnustöð er skoðuð í fyrsta sinn, eða eftir að nýjar vélar hafa verið fengnar, eða eftir gagngerðar breytingar eða viðgerðir húsa og véla, skulu skoðunarmenn hjálpa eiganda og vélgæslumanni að ganga frá greinargerð þeirri, sem nauðsynleg er samkvæmt því, sem að framan er sagt.

Í skoðunarbók skal rita hvenær gert hefir verið við helztu galla, sem komið hafa í ljós, svo og hversu lengi vél eða ketill hefir verið í notkun. Forstöðumaður vinnustöðvar og vélstjóri staðfesta með undirskrift sinni, að rétt sé það, sem bókað hefir verið.

Niðurstöður skoðana þeirra, yfirskoðunar, aðalskoðana og auka-skoðana, sem löggin um eftirlit með verksmiðjum og vélum greina, svo og skoðanir þær og þrýstiraunir o. s. frv., sem gerðar eru af hinum skipuðu skoðunarmönnum, skulu skoðunarmenn rita í skoðunarbókina og rita nöfn sín undir til staðfestu, að rétt sé.

## VI. KAFLI.

### HEGNINGARÁKVÆÐI.

#### 59. gr.

Brot á lögum um eftirlit með verksmiðjum og vélum eða reglugerð þessari, varða sektum frá 20—2000 krónum, nema þyngri hegning liggi við að lögum.

#### 60. gr.

Ef vinnuveitandi eða sá, er heldur uppi verksmiðju eða verkstæði, vanrækir að tilkynna fyrirtæki, sem lögum samkvæmt er háð eftirlitsskyldu, skal hann sæta sektum frá 20—1000 krónum.

Verkamaður, sem brýtur ákvæði um hreinlæti á vinnustöðvum eða um öryggisumbúnað aflvéla og annara véla eða tekur burtu eða skemmir nauðsynlegar hlífar skal sæta sektum frá 20—500 krónum.

Ef sá, er heldur uppi eða stýrir fyrirtæki, eða verkamaður, sem þar vinnur, vanrækir að framkvæma fyrirskipaðar öryggisráðstafanir

**10** skoðunarmanna um húsakynni og vélar, varðar það sektum frá 50—16. febr. 1500 krónum.

Eigandi eða notandi eimketils svo og gæzlumaður bera ábyrgð á því, að fylgt sé til fullnustu öllum öryggisákvæðum, um viðhald og gæzlu ketilsins með tækjum þeim, sem honum fylgja. Brot á reglum um umbúnað og gæzlu eimkatla varða sektum frá 50—2000 krónum, nema þyngri hegning liggi við að lögum.

**61. gr.**

Sá, sem gerst hefir brotlegur gegn ákvæðum reglugerðar þessarar, er einn ábyrgur, hvort heldur er vinnuveitandi, stjórnandi, vélgæzlumaður eða verkamaður.

**62. gr.**

Með mál út af brotum á reglugjörð þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

Reglugjörð þessi er hérmeð sett samkvæmt lögum nr. 24, 7. maí 1928 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 16. febrúar 1929.*

Tryggvi Þórhallsson.

---

*Vigfús Einarsson.*